

lausri konu að sjá og 2 börnum, að því er virðist á ómaga-aldri. Enda þótt að ekki verði séð að skerða megi að nokkru verulegu leyti kaupgreiðslur þær, er gerðarþoli fær hjá Sláturfélagi Suðurlands, ef hann á af sjálfsdáðum að geta framfleytt heimili sinu, konu og 2 börnum, þá verður þó ekki hjá því komizt, þar sem ætla verður, að framfærsluskylda hans á hér um ræddu barni sé jafn rik, að fastsetja af kaupi hans mánaðarlega kr. 50.00 meðan það ekki lækkar úr því, sem það nú er, og skal Sláturfélagi Suðurlands skylt að greiða það mánaðarlega gerðarbeiðanda. Þessar greiðslur hefjast nú við kaupgreiðslu í næsta mánuði og greiðist mánaðarlega framvegis þar til lögtaks-krafa þessi ásamt kostnaði er að fullu greidd.

Því úrskurðast:

Fastsett skal af kaupi gerðarþola, Erlends Erlends-sonar, hjá Sláturfélagi Suðurlands kr. 50.00 mánaðar-lega, eins og að ofan segir, sem greiðist gerðarbeiðanda mánaðarlega, þar til meðlagskröfu þessari ásamt kostn-aði er fullnægt.

Mánudaginn 15. maí 1939.

Nr. 140/1937 **Jón Sigurðsson** (Garðar Þorsteinsson)
gegn

Hreppsnefnd Blönduóshrepps f. h.
hreppsins (Jón Ásbjörnsson).

Frávísun frá hæstarétti vegna rangrar áfrýjunar.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu er dómkvaðningu matsmanna, er fram fór í aukarétti Húnavatnssýslu 26. ágúst 1937, skotið til hæstaréttar með stefnu 16. nóv. s. á. til þing-festingar í maí 1938. Samkvæmt 2. tölulið 198. gr. laga nr. 85/1936 skulu slík mál sem þetta sæta kærui samkvæmt 199. gr. sömu laga. Máli þessu er því

áfryjað með röngum hætti, og verður því að vísa því frá dómi ex officio.

Samkvæmt kröfu stefnda verður að dæma áfryjanda til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 150 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu er vísað frá hæstarétti.

Áfryjandi, Jón Sigurðsson, greiði stefnda, hreppsnefnd Blönduósshrepps f. h. hreppsins, 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómkvaðning matsmanna í aukarétti Húnavatnssýslu
26. ágúst 1937.**

Fyrir var tekið: Að dómkveðja 2 menn eftir beiðni Böðvars Bjarkan, lögfræðings, f. h. Blönduóshrepps til þess að meta tiltekna lóðir innan Blönduóskaupþúns til verðs og til afhendingar handa Blönduóshreppi.

F. h. Blönduóshrepps er mættur Hafsteinn Sigurðsson hreppsnefndarmaður, Blönduói. F. h. Jóns Sigurðssonar, Enni, er enginn mættur.

Lætur dómari þess getið, að hann hafi í gærkveldi kl. 6,20 hringt til Þorsteins Sigurðssonar í Enni, bróður og húsbónda Jóns, tilkynnt honum, að fyrir lægi beiðni um útnefninguna, og beðið hann að tilkynna það bróður sínum. Var framkvæmd gjörðarinnar ákveðin í samráði við Þorstein Sigurðsson í umboði bróður hans kl. 6½ e. h. í dag. Fyrri hluta dags í dag bringdi Þorsteinn Sigurðsson dóm-arann upp og tilkynnti honum, að hann mundi eigi mæta, en hinsvegar væri hann mótfallinn því og mótmælti því, að útnefning matsmanna færi fram, svo og hinu umbeðna mati á landi bróður sins.

Hafsteinn Sigurðsson krefst þess, að hin umbeðna útnefning fari fram.

Með lögum nr. 15 1936 var hreppsnefnd Blönduóshrepps veitt heimild til eignarnáms á tiltekinni spildu úr landi

jarðarinnar Enni í Engihlíðarhreppi. Þessi eignarnámsheimild virðist ótvírætt miðuð við það, að Blönduóshreppi væri nauðsynlegt að eignast land það eða a. m. k. fá umráðarétt fyrir því landi, er eignarnámsheimildin nær til. Verður ekki af nefndum lögum séð, að máli skipti, hver sé eigandi landsins, þegar eignarnámið fer fram, enda hefði slíkt getað gert lögin óvirk með öllu, ef eigendaskipti á landinu hefðu getað hindrað eignarnám þess, og virðist eigi unnt að gera ráð fyrir, að sá hafi verið tilgangur löggjafans. Sér dómariinn ekkert því til fyrirstöðu, að hin umbeðna útnefning fari fram, og ákveður að taka útnefningarbeiðnina til greina.

Dómariinn útnefnir þá í réttinum þá: Eggert Konráðsson, hreppstjóra, Haukagili, og Hannes Pálsson, bónda, Undirfelli, sem valinkunna, óvilhalla og þartil hæfa menn, til þess að framkvæma hina umbeðnu virðingu til eignarnáms á lóðarspildum Jóns Sigurðssonar, Enni í Engihlíðarhreppi, svo sem þær eru tilgreindar í gerðarbeiðninni, rískj. nr. 1. Ber þeim að skrásetja virðingargjörð sína og leysa hana af hendi eftir beztu þekkingu og samvizku, þann veg, að þeir geti staðfest hana með eiði, ef krafizt verður.

Mánudaginn 22. maí 1939.

Nr. 6/1939. **Valdstjórnin** (Theodór B. Lindal)
gegn

**Guðmundi Hannessyni sem héraðs-
dómara í málinu: Réttvísinn gegn
Ingibjörgu Jósepsdóttur, Leó Marons-
syni og Sölva Valdimarssyni**

(Einar B. Guðmundsson).

Endurupptaka opinbers máls til leiðréttingar á ummælum í forsendum hæstaréttardóms.

Dómur hæstaréttar.

Þann 22. október 1937 var í hæstarétti kveðinn upp dómur í málinu: Réttvísinn gegn Ingibjörgu